

Námskrá
sjúkraliða

Menntamálaráðuneytið
apríl 1997

Nám sjúkraliða

Námskrá fyrir sjúkraliðanám hefur verið endurskoðuð og kemur hér út í nýjum búningi. Helstu breytingar á námskránni eru að sérgreinum brautarinnar er fjölgað og verulegar breytingar eru gerðar á starfsþjálfun sjúkraliðanema. Starfsþjálfunin fer nú að hluta til fram sem formlegt nám á sjúkrastofnunum en til viðbótar námi á brautinni þurfa nemendur að vinna 16 vikur á sjúkrastofnun og geta að því loknu sótt um löggildingu starfsheitis til heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis.

Námskráin tekur þegar gildi.

4. apríl 1997

SJÚKRALIÐABRAUT (SJ)

120 einingar

Sjúkraliðabraut er ætlað að búa nemendur undir sjúkraliðastörf. Til viðbótar námi á brautinni verða nemendur að vinna fjóra mánuði á sjúkrastofnun og geta að því loknu sótt um löggildingu starfsheitis til heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis.

Eðlilegasta framhald til stúdentsprófs er á náttúrufræðibraut.

Meðalnámstími á sjúkraliðabraut er 6 annir í skóla auk 4 mánaða starfsþjálfunar.

Bóklegar greinar		43 ein.
Móðurmál:	ÍSL 102, 202, 212	
	TJÁ 102	
Erlend tungumál	DAN 102, 202, ENS 102, 202	
	+ 2 ein.	
Stærðfræði	STÆ 102 + 2 ein.	
Efnafræði	EFN 103	
Líffræði	LÍF 103	
Sálarfræði	SÁL 103	
Félagsfræði	FÉL 103	
Tölvufræði	TÖL 103	
Sérgreinar		43 ein.
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL 103, 203	
Heilbrigðisfræði	HBF 102, 203	
Siðfræði heilbrigðisstétta	SIÐ 102	
Sýklafræði	SÝK 102	
Skyndihjálp	SKY 101	
Líkamsbeiting	LÍB 101	
Næringarfræði	NÆR 102 + 1 ein. sérfræði	
Lyfhrifafræði	LHF 113	
Sjúkdómafræði	SJÚ 103, 202	
Hjúkrunarfræði, <i>bókleg</i>	HJÚ 103, 203, 212, 303, 312, 402	
Íþróttir	ÍÞR 101, 111, 201, 211 + 2 ein.	6 ein.
Verklegar greinar		12 ein.
Hjúkrunarfræði, <i>verkleg</i>	HJV 113, 213, 313, 413	
Starfsþjálfun		16 ein.

Tillaga að skiptingu náms á sjúkraliðabraut á annir

Námsgrein		1. önn	2. önn	3. önn	4. önn	5. önn	6. önn
Danska	DAN	102	202				
Efnafræði	EFN		103				
Enska	ENS		102	202	212		
Heilbrigðisfræði	HBF	102				203	
Hjúkrunarfræði, <i>bókleg</i>	HJÚ			103	203/212	303/312	402
Íslenska	ÍSL	102	202	212			
Íþróttir	ÍÞR	101	111	201	211	xx1	xx1
Líkamsbeiting	LÍB					101	
Líffræði	LÍF	103					
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL			103	203		
Næringarfræði	NÆR			102			201
Sálarfræði	SÁL					103	
Siðfræði	SIÐ						102
Skyndihjálp	SKY		101				
Stærðfræði	STÆ	102	xx2				
Sýklafræði	SÝK						102
Tjáning	TJÁ		102				
Tölvufræði	TÖL	103					
Félagsfræði	FÉL						103
Lyfhrifafræði	LHF						113
Sjúkdómafræði	SJÚ				103	202	
Hjúkrunarfræði, <i>verkleg</i>	HJV			113	213	313	413
Val	6 ein.						
Samtals einingar		15	15	16	17	18	17

Áfangalýsingar

DANSKA 102

DAN 102

Undanfari: Grunnskólapróf

Lýsing fyrir námsvísi

Megináhersla er lögð á textalestur til að auka orðaforða og lesskilning. Undirstöðuatriði danskrar málfræði eru rifjuð upp. Málnotkun er þjálfuð með formgerðaræfingum, bundnum, hálfbundnum og óbundnum. Nemendur skulu hvattir til að tala og hlusta á dönsku og þeim gefin sem flest tækifæri til að tjá sig. Kennslan styðst við fjölbreytilegt efni svo sem myndbönd og upplestur á segulband. Lesnar eru ein til tvær skáldsögur auk smásagna, rauntexta og annars efnis.

DANSKA 202

DAN 202

Undanfari: DAN 102

Lýsing fyrir námsvísi

Megináhersla er lögð á textalestur til að auka enn frekar orðaforða og lesskilning. Einstök erfiðari málfræðiatríði eru þjálfuð. Almenn málnotkun er þjálfuð með hálfbundnum og óbundnum æfingum. Lögð eru fyrir nemendur verkefni sem einungis verða leyst með virkri málnotkun. Til þess að gera nemendur færa um að lesa og skilja allþunga texta er áhersla lögð á að þeir textar, sem fyrir þá eru lagðir þyngist stig af stigi. Lesnar eru ein til tvær skáldsögur auk rauntexta, smásagna og annars efnis.

ENSKA 102

ENS 102

Undanfari: Grunnskólapróf

Áfangamarkmið

Styrkja þann málfræðigrunn nemenda sem lagður var í grunnskóla. Nemendur byggi upp virkan og hagnýtan orðaforða. Bæta skilning og leikni nemenda í meðferð málsins bæði munnlega og skriflega.

Lýsing fyrir námsvísi

Í beinu framhaldi af námi í grunnskóla eru undirstöðuatriði málfræði rifjuð upp í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins. Aukin áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni er valið við hæfi nemenda. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál skal æft m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum m.a. í tengslum við efnið. Kennsla skal fara sem mest fram á ensku.

Undanfari: ENS 102**Áfangamarkmið**

Auka orðaforða nemenda. Auka skilning nemenda á samfelldu ensku tal- og ritmáli. Auka færni nemenda í að tjá sig munnlega og skriflega.

Lýsing fyrir námsvísi

Í beinu framhaldi af ensku 102. Aukin áhersla er lögð á lestur fjölbreyttari og þyngri texta, bæði vandlega lesinna til að auka orðaforða og hraðlesinna til að þjálfa heildarskilning. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál skal æft m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum m.a. í tengslum við efnið. Nemendum skal leiðbeint í notkun orðabóka. Kennsla skal fara sem mest fram á ensku.

EFNAFRÆÐI 103**EFN 103****Efnisheimurinn****Undanfari: Enginn****Áfangamarkmið**

- Námsefnið komi til móts við ólíkar þarfir og mismunandi þekkingu nemenda.
- Efnafræði verði tengd við daglegt líf fólks, nútímatækni og umhverfi.
- Nemandi öðlist greinargott yfirlit byggingu og eiginleika efna sem nýtist þeim til áframhaldandi náms í efnafræði og skyldum greinum.
- Nemandi læri að meðhöndla efni og tæki á tilraunastofu og gera einfaldar tilraunir.

Lýsing fyrir námsvísi

Frumatriði efnafræðinnar eru kynnt. Sérstök áhersla verður lögð á byggingu frumeinda og uppbyggingu lotukerfisins. Síðan verður fjallað um efnatengi, ástandsbreitingar, efnabreytingar, efnafræði málma, kolefnis og annarra málmleysingja. Leitast verður við að draga atriði úr daglegu lífi inn í hina fræðilegu umræðu svo sem framast er kostur. Verklegar æfingar verði vikulega.

FÉLAGSFRÆÐI 103**FÉL 103****Undanfari: Enginn****Áfangamarkmið**

- Nemandi öðlist skilning á félagslegu umhverfi sínu nær og fjær.
- Nemandi þjálfist í að greina og meta upplýsingar um íslenskt þjóðfélag svo þeir geti tekið gagnrýna afstöðu til viðburða á hverjum tíma og rökstutt hana í ræðu og riti.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjallað er um þróun helstu þátta íslenska þjóðfélagsins og megineinkennum þess lýst. Kynnt eru mikilvæg hugtök sem notuð eru í umræðu um þjóðfélagið og þróun þess, svo sem menning, félagsmótun, framleiðsla og þjóðfélagsstaða. Leitast skal við að gera nemendum kleift að sjá sambengi milli daglegs lífs síns og þess sem er að gerast í þjóðfélaginu.

HEILBRIGÐISFRÆÐI 102

HBF 102

Undanfari: Enginn

Áfangamarkmið

Nemandi skilji hugtakið heilbrigði og hvernig hægt er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjallað skal um hugtakið heilbrigði og áhrif lifnaðarháttanna á heilsufar s.s. hreyfingar, mataræðis, hreinlætis, vímuefna, kynlífs, getnaðarvarna. Geðvernd og geðheilsu. Kynnt eru algeng faraldsfræðileg hugtök, algengir smitsjúkdómar og helstu smitleiðir. Kembirannsóknir kynntar.

HEILBRIGÐISFRÆÐI 203

HBF 203

Undanfarar: HBF 102, EFN 103, LÍF 103

Áfangamarkmið

- Nemandi þekki helstu leiðir til að koma í veg fyrir mengun.
- Nemandi þekki efnafræði- og eðlisfræðilegt umhverfi mannsins.
- Nemandi þekki algengustu sjúkdóma í nútímaþjóðfélagi og helstu forvarnir.
- Nemandi þekki heilbrigðis- og tryggingarlöggjöfina.

Lýsing fyrir námsvísi

Umhverfisheilbrigðisfræði. Eðlisfræðilegt umhverfi s.s. ljós, loft, hljóð og vatn. Efnafræðilegt umhverfi s.s. eiturefni, mengun og geislun. Fjallað er um atvinnusjúkdóma og vinnuvernd. Forvarnir. Algengir sjúkdóma í nútíma þjóðfélagi. Heilbrigðis- og tryggingarlöggjöfin.

HJÚKRUNARFRÆÐI 103

HJÚ 103

Almenn aðhlyning

Undanfari: Tvær annir í framhaldsskóla

Áfangamarkmið

- Nemandi þekki helstu hugtök og hugmyndir sem tengjast almennri aðhlyningu.
- Nemandi þekki kenningar Maslow um mannlega þarfir og V. Henderson um hjúkrunarþarfir.
- Nemandi skilji mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar.

Lýsing fyrir námsvísi

Kynning á hjúkrunarfræði

Í áfanganum verður megin áhersla lögð á hugtök og hugmyndir sem tengjast aðhlyningu sjúkra á sjúkrastofnunum. Kenningar Maslow og V. Henderson eru kynntar. Mannleg samskipti, forgangsröðun og skipulagning. Áhersla er lögð á samvinnu, hjálp til sjálfsbjargar og rétt sjúklings.

Áfanginn skal kenndur samhliða HJÚ 113.

HJÚKRUNARFRÆÐI 203

HJÚ 203

Öldrun og öldrunarbreytingar

Undanfari: HJÚ 103 og HJV 113

Áfangamarkmið

- Nemandi þekki eðlilegt öldrunarferli og frávik frá því.
- Nemandi geti lýst öldrunarsjúkdómum og viðeigandi hjúkrunarmeðferðum.

Lýsing fyrir námsvísi

Öldrun og öldrunarbreytingar

Fjallað er um þroskaverkefni aldraðra s.s. einmanaleika, missi, sorg og sorgarviðbrögð. Kennt er um sértæka öldrunarsjúkdóma og viðeigandi hjúkrunarmeðferð.

Áfanginn skal kenndur samhliða HJÚ 212 og HJV 213

HJÚKRUNARFRÆÐI 212

HJÚ 212

Þjónusta í samfélaginu

Undanfari: HJÚ 103 og HJV 113

Áfangamarkmið

- Nemandi þekki eðli þeirra stofnana samfélagsins sem fást við heilbrigðis-, trygginga- og félagsmál.
- Nemandi þekki undirstöðuþætti heimahjúkrunar.

Lýsing fyrir námsvísi

Einstaklingurinn heima fyrir, langvinn heilsufarsvandamál, sálrænar, félagslegar og efnahagslegar afleiðingar þeirra. Fjallað er um mismunandi aðstæður einstaklingsins s.s. kyn, aldur trú og stéttarmun. Réttur einstaklings til einkalífs. Dauðsfall í heimahúsi. Kynning á:

heilsugæslustöðvum (heimahjúkrun)
félagsmálstofnunum sveitafélaganna
hjálpartækjabönkum, félagsmiðstöðvum
dagvistun og sambýlum

Tryggingastofnun ríkisins
Áfanginn skal kenndur samhliða HJÚ 203 og HJV 213.

HJÚKRUNARFRÆÐI 303

HJÚ 303

Aðhlygning fullorðinna - fyrri hluti

Undanfari: HJÚ 203, 212 og HJV 213

Áfangamarkmið

Nemandi geti sýnt þekkingu í umönnun sjúklinga á hand- og lyflæknisdeildum.

Lýsing fyrir námsvísi

Kynnt er aðstoð og eftirlit með sjúklingum fyrir og eftir aðgerðir. Fjallað skal um aðhlygningu sjúklinga með eftirtalda sjúkdóma: (sjúkdóma í innkirtlum) hjarta- og æðasjúkdóma, öndunarfærasjúkdóma, þvagfæra-, meltingar-, stoðkerfis-, þekjukerfis- og kynfærasjúkdóma.

Áfanginn er kenndur samhliða HJÚ 312 og HJV 313.

HJÚKRUNARFRÆÐI 312

HJÚ 312

Aðhlygning fjölskyldunnar

Undanfari: HJÚ 203, 212 og HJV 213

Áfangamarkmið

- Nemandi þekki þroskaferil fjölskyldunnar.
- Nemandi þekki helstu breytingar sem verða á konum við meðgöngu og fæðingu.
- Nemandi þekki eðlilegan þroska barna og helstu þroskafrávik.
- Nemandi þekki algengustu barnasjúkdóma.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjallað er um uppbyggingu, þroskaferil og þarfir fjölskyldunnar. Meðganga og fæðing er tekin fyrir, eðlilegur vöxtur og þroski barna, þroskafrávik og fötlun. Fjallað er um áhrif stofnanadvalar á þroska og algengustu barnasjúkdómar.

Áfanginn skal kenndur samhliða HJÚ 303 og HJV 313.

HJÚKRUNARFRÆÐI 402

HJÚ 402

Aðhlygning fullorðinna - seinni hluti

Undanfari: HJÚ 303, 312 og HJV 313

Áfangamarkmið

Nemandi geti sýnt þekkingu í umönnun sjúklinga á geð-, krabbameins- og taugadeildum.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjallað er um aðhlyningu geðsjúkra, krabbameinssjúklinga og sjúklinga með sjúkdóma í taugakerfi. Fjallað er um aðhlyningu þungt haldinna og deyjandi sjúklinga, sorg og sorgarviðbrögð.

Áfanginn skal kenndur samhliða HJV 413.

HJÚKRUNARFRÆÐI 113

HJV 113

Undirbúningur undir verknám á sjúkrastofnunum

Undanfari: Tvær annir í framhaldsskóla

Áfangamarkmið

- Nemandi geti veitt almenna aðhlyningu.
- Nemandi þekki og kunni að nota algeng hjúkrunargögn og hjálpartæki.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjallað er um sjúklinga, sjúkrastofu, vinnuumhverfi, ýmis hjúkrunargögn og tæki. Kenndur er umbúnaður, eftirlit, athuganir s.s. hiti, púls, öndun og blóðþrýsting. Einfaldar sýnatökur eru kenndar. Farið er í smitgát og sýkingavarnir.

Áfanginn skal kenndur samhliða HJÚ 103.

HJÚKRUNARFRÆÐI 213

HJV 213

Verknám á hjúkrunardeildum

Undanfari: HJÚ 103 og HJV 113

Áfangamarkmið

- Nemandi geti veitt og aðstoðað sjúkling við persónulega hirðingu, hreyfingu og annað sem felst í ADL (Athafnir daglegs lífs).
- Nemandi geti sýnt notkun á algengustu hjúkrunargögnum, þrifið þau og umgengist á öruggan hátt.
- Nemandi þekki og beiti viðurkenndum reglum um smitgát og sýkingavarnir.

Lýsing fyrir námsvísi

Hjúkrunarkennari skipuleggur verknám á deild í samvinnu við viðkomandi deildarstjóra. Nemandi skal vera 8 klst. á viku á deild í umsjón hjúkrunarkennara og taka þátt í öllum almennum störfum sjúkraliða. Nemandi færi vinnubók og skili hjúkrunarkennara í lok annar. Áfanginn skal kenndur á öldrunar- og/eða hjúkrunardeildum og skal tekinn samhliða HJÚ 203 og 212.

HJÚKRUNARFRÆÐI 313

HJV 313

Verknám á hand- og lyflæknisdeild

Undanfari: HJÚ 203, 212 og HJV 213

Áfangamarkmið

- Nemandi geti lýst starfið á hand- og lyflæknisdeildum og þeirri hjúkrun og meðferð sem þar er veitt.
- Nemandi sýni skjólstæðingi sínum trúnað og virði rétt hans til einkalífs og sjálfsákvörðunar.
- Nemandi geri sér grein fyrir starfssviði, skyldum og réttindum sjúkraliða.

Lýsing fyrir námsvísi

Hjúkrunarkennari skipuleggur verknám á deild í samvinnu við viðkomandi deildarstjóra. Nemandi skal vera á deild 8 klst. á viku alla önnina í umsjón hjúkrunarkennara og taka þátt í öllum almennum störfum sjúkraliða.

Nemandi skal í upphafi verknámstímabils setja sér persónuleg markmið með námi sínu á deildinni. Markmiðin skulu síðan yfirfarin af hjúkrunarkennara og nemanda í lok verknámstímabils. Nemandi skal skila lokaverkefni af hand- eða lyflæknisdeild þar sem áhersla er lögð á heildræna umönnun skjólstæðings. Áfanganum skal lokið með umsögn hjúkrunarkennara um hæfni nemanda í starfi. Áfanginn skal kenndur á hand- og lyflæknisdeild og kenndur samhliða HJÚ 302 og 312.

HJÚKRUNARFRÆÐI 413

HJV 413

Verknám á sérdeildum

Undanfari: HJÚ 303, 312 og HJV 313

Áfangamarkmið

- Nemandi sýni þekkingu í starfi á sérdeildum og þeirri umönnun og meðferð sem þar er veitt.
- Nemandi sýni að hann þekki og geti mætt skyldum og þeirri ábyrgð sem fylgja því að vera sjúkraliði á heilbrigðis- og þjónustustofnun.
- Nemandi sýni skilning á umönnun sjúklinga með langvinna/ólæknandi sjúkdóma.
- Að auka skilning nemanda á þörfum og viðbrögðum sjúklinga sem takast á við lífsögnandi ástand.

Lýsing fyrir námsvísi

Hjúkrunarkennari skipuleggur verknám á deild í samvinnu við viðkomandi deildarstjóra. Nemandi skal vera á deild 8 klst. á viku alla önnina í umsjón hjúkrunarkennara og taka þátt í öllum almennum störfum sjúkraliða. Nemandi skal samþætta bóklegt og verklegt nám með gerð lokaverkefnis þar sem nemandi velur sér ákveðið þema í samráði við hjúkrunarkennara, sem tengist starfinu á deildinni, dæmi: missir, sorg, mótlæti, aðlögun, endurhæfing, umhyggja, kulnun, samvinna og samhæfing. Æskilegt er að nemandi kynnist fleiri en einni sérdeild og taki HJÚ 402 samhliða.

ÍSLENSKA 102

ÍSL 102

Talað mál og ritun

Undanfari: Grunnskólapróf

Áfangamarkmið

Að því skal stefnt að nemandi

- æfist í málnotkun í tali og riti,
- auki hæfni sína til að greina aðalatriði og aukaatriði í texta,
- verði færir um að stafsetja rétt allt venjulegt mál,
- kappkosti vandaðan frágang og skrift.

Lýsing fyrir námsvísi

Æfa skal nemendur í framsögn (upplestri, frásögnum, munnlegum endursögnum, rökræðum).

Lögð skal áhersla á ritun með stuttum ritgerðum, lýsingum, endursögnum, útdráttum, léttum þýðingum o.fl.

Æfa skal nemendur í stafsetningu og greinarmerkjasetningu eftir því sem þörf krefur. Lögð skal áhersla á að þeir geti notað orðabækur til að ná öryggi í staf-setningu. Auk þess getur málfræðipækking komið að góðu haldi í sama skyni.

Kjörbók.

ÍSLENSKA 202

ÍSL 202

Málnotkun og bókmenntir

Undanfari: ÍSL 102

Áfangamarkmið

Að því skal stefnt að nemandi

- æfist í málnotkun og skýrri framsögn,
- þjálfist í að nota orðabækur og önnur hjálpargögn við þýðingar og málnotkun,
- kynnist undirstöðuatriðum við frágang ritaðs máls og kappkosti vandaðan frágang og skrift,
- kynnist undirstöðuatriðum í bókmenntafræði og notfæri sér þau við lestur skáldverka.

Lýsing fyrir námsvísi

Þjálfar skal ýmsa þætti málnotkunar, þ.á m. orðaforða málsins, orðtök og málshætti. Fjallað skal um merkingu orða, margræðni, merkingarmun, nýyrði, tökuorð og slettur.

Nemendur skrifi stuttar lýsingar á hlutum og atburðum, einnig verklýsingar, fréttatexta og bréf, þ.á m. atvinnuumsóknir. Þeir taki einnig viðtöl við fólk. Auk þess skrifi þeir stutta rökfærslutexta, t.d. um ágreiningsmál líðandi stundar.

Þýðingar. Nemendur skulu þjálfaðir í að þýða tiltölulega léttu texta á vandaða íslensku.

Lögð skal áhersla á skýran upplestur, skipulegar umræður og tækifærisræður.

Í tengslum við bókmenntafræði skal lesin stutt skáldsaga, fornsaga eða smásögur; einnig ljóð.

Kjörbók.

Málfræði, bókmenntir**Undanfari: ÍSL 202****Áfangamarkmið**

Að því skal stefnt að nemandi

- kynnist hugtökum í hljóðfræði og reynist þannig auðveldara að temja sér skýran og eðlilegan framburð, átti sig á mun stafsetningar og framburðar og sjái gildi framburðartákna í orðabókum;
- kynnist hugtökum í setningafræði og stílfræði og eigi þannig auðveldara með að ræða um mismunandi stílgerðir og málbeitingu,
- þjálfist í munnlegri og skriflegri tjáningu,
- kynnist bókmenntum nánar.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjallað skal um hljóðmyndun, lengd hljóða, áherslur og hrynjandi. Sú umræða verði tengd framsögn, framburði og framburðartáknum.

Fjallað er um setningafræði: setningahluta og setningaliði, aðalsetningar og auka-setningar. Hér kann að reynast heppilegt að fara yfir nokkur hugtök í almennri málfræði.

Undirstöðuatriði stílfræði skulu kennd og tengd bókmenntatextum og fjöl-miðlamáli. Athugaður áhrifamáttur dægurlagatexta, auglýsinga og áróðurs-greina.

Að minnsta kosti eitt bókmenntaverk skal vandlega lesið.

Ritæfingar tengdar stílfræði.

Kjörbók.

ÍPRÓTTIR 101**ÍPR 101****Líkams- og heilsurækt I****Undanfari: Enginn****Áfangamarkmið**

Nemandi fræðist um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd. Stuðla skal að því að nemandi geti sjálfir ræktað líkama sinn sér til heilsubótar og ánægju.

Lýsing fyrir námsvísi

Í áfanganum verður farið yfir aðferðir við þolþjálfun og upphitun líkamans. Nemendur verða látnir prófa aðferðir við upphitun á eigin líkama. Einnig verða þeir látnir semja áætlun um þolþjálfun. Áfanginn inniheldur bóklegt og verklegt nám.

ÍPRÓTTIR 111**ÍPR 111****Líkams- og heilsurækt II**

Undanfari: Enginn

Áfangamarkmið

Nemandi fræðist um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd. Stuðla skal að því að nemandi geti sjálfir ræktað líkama sinn sér til heilsubótar og ánægju.

Lýsing fyrir námsvísi

Kraftur og liðleiki verða megin viðfangsefni áfangans. Nemendur fá að gera tilraunir til þess að finna álag sem hæfir hverjum og einum í kraftþjálfun. Liðleiki verður tekinn fyrir og mikilvægi þess að hafa góðan liðleika við dagleg störf sem og við íþróttaiðkun. Áfanginn inniheldur bóklegt og verklegt nám.

ÍÞRÓTTIR 201

ÍÞR 201

Líkams- og heilsurækt III

Undanfarar: ÍÞR 101, ÍÞR 111

Áfangamarkmið

Nemandi fræðist um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd. Stuðla skal að því að nemandi geti sjálfir ræktað líkama sinn sér til heilsubótar og ánægju.

Lýsing fyrir námsvísi

Áfanginn fjallar um líkamsbeitingu við dagleg störf og verða nemendur látnir gera ýmsar tilraunir tengdar því. Í áfanganum verður einnig litið á grunnatriði skyndihjálpar og hollar lífsvenjur. Áfanginn inniheldur bóklegt og verklegt nám.

ÍÞRÓTTIR 211

ÍÞR 211

Líkams- og heilsurækt IV

Undanfarar: ÍÞR 101, ÍÞR 111

Áfangamarkmið

Nemandi fræðist um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd. Stuðla skal að því að nemandi geti sjálfir ræktað líkama sinn sér til heilsubótar og ánægju.

Lýsing fyrir námsvísi

Meginviðfangsefni áfangans er skipulagning þjálfunar fyrir hvern og einn sem og útskýringar á því sem gerist í líkamanum við þjálfun. Áfanginn inniheldur bóklegt og verklegt nám.

LÍFFRÆÐI 103

LÍF 103

Undanfari: Enginn

Áfangamarkmið

Markmið áfangans er að kynna nemendum fjölbreytni lífvera, samspil lífvera innbyrðis og við umhverfið og samskipti manna við aðrar lífverur. Nemendur kynnist frumukeningunni.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjölbreytni lífvera

rannsóknaraðferðir í líffræði, flokkun lífvera og kynning á helstu flokkum lífvera jarðar.

Lífverur og umhverfi þeirra

grundvallarhugmyndir vistfræði, umhverfismál, náttúruvernd.

Samskipti manna við aðrar lífverur

lífverur sem maðurinn hagnýtir sér og þær sem valda skaða.

Frumur, byggingareiningar líkamans

frumukeningin.

LÍKAMSBEITING 101

LÍB 101

Undanfari: Enginn, samhliða LOL 102

Áfangamarkmið

Nemandi kunnir réttar vinnustellingar við ólík störf.

Lýsing fyrir námsvísi

Tekin er fyrir líkamsbeiting, bóklegt og verklegt nám, vinnustellingar, lyftitækni. Lögð er áhersla á mikilvægi réttrar líkamsstöðu.

LÍFFÆRA- OG LÍFÆDLISFRÆÐI 103

LOL 103

Undanfari: Enginn

Áfangamarkmið

Nemandi öðlist þekkingu á byggingu og starfsemi mannlíkamans.

Lýsing fyrir námsvísi

Lögð er áhersla á helstu hugtök líffærafræðinnar. Kynningu á líffærakerfum líkamans. Fjallað er um frumu- og vefjafræði og starfsemi þekju-, tauga- og innkirtla, stoð- og hreyfikerfis.

LÍFFÆRA- OG LÍFÆDLISFRÆÐI 203

LOL 203

Undanfari: LOL 103

Áfangamarkmið

Nemandi þekki byggingu og starfsemi mannlíkamans.

Lýsing fyrir námsvísi

Farið verður í hjarta- og blóðrásarkerfið, sogæðakerfið, öndunarfarakerfi, meltingarkerfið, þvagfarakerfi, vökva og saltjafnvægi kynfæra, æxlun og fósturþroska.

LYFHRIFAFRÆÐI 103

LHF 113

Undanfari: HJÚ 203, 212 og HJV 213

Áfangamarkmið

Nemandi þekki á algengustu lyfjaflokka og lyfjaform, upptöku þeirra og dreifingu.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjallað er um einstaka lyfjaflokka og hvaða áhrif þau hafa, útskilnað lyfja og aukaverkanir. Farið er í uppbyggingu sérlyfjaskráar. Farið er í mismunandi lyfjaform. Lyfjaflokkar sem teknir eru fyrir: sykursýkislyf, maga- og þarmalyf, lyf fyrir hjarta og blóðrá, sverkjalyf, svenlyf, geðlyf og hormónalyf, .

NÆRINGARFRÆÐI 102

NÆR 102

Undanfari: Enginn

Áfangamarkmið

- Nemandi þekki helstu næringarefni og viti í hvaða fæðutegundum þau eru að finna.
- Nemandi þekki manneldismarkmið Íslendinga og geti valið sér fæðu þannig að manneldismarkmiðum sé fullnægt.
- Nemandi geti reiknað út næringargildi máltíða og dagsfæðis.
- Nemandi þekki reglur og vörumerkingar matvæla og geti lesið innihaldslýsingar þeirra.

Lýsing fyrir námsvísi

Lögð er áhersla á næringarefni, hlutverk þeirra, skortseinkenni og ráðlagða dagskammta. Fjallað er um flokkun fæðutegunda og næringargildi þeirra, áhrif matreiðslu á næringargildi og uppbyggingu máltíða. Manneldismarkmið Íslendinga eru kynnt. Nemendur læra að notfæra sér næringarefnatöflur og kanna eigin neyslu. Gerður er samanburður á næringarþörfum sérstakra hópa, s.s. íþróttafólks, barna og eldra fólks.

NÆRINGARFRÆÐI 201 - sérfæði

NÆR 201

Undanfari: HJÚ 303, 312 og HJV 313

Áfangamarkmið

Nemandi skilji næringarþarfir sjúklinga og sérstakra hópa og geri sér grein fyrir mikilvægi sérfæðis og þekki helstu gerðir þess.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjallað er um samspil mataræðis, heilbrigðis og sjúkdóma. Farið er í sérfæði, mataræði hjartasjúklinga, nýrnasjúklinga, krabbameinssjúklinga, sykursýkissjúklinga og sjúklinga með sjúkdóma í meltingarfærum.

SÁLFRÆÐI 103 - viðmiðunaráfangi

SÁL 103

Inngangur að sálarfræði

Undanfari: Enginn

Áfangamarkmið

- Nemandi fái sýn yfir stöðu vísindalegrar sálfræði í nútímasamfélagi manna.
- Nemandi fái yfirlit yfir almenna þætti sálfræðinnar og kynnist sérgreinum hennar í því skyni að nemendur verði betur undirbúnir til frekara náms og/eða starfa.
- Nemandi þjálfist í vísindalegri hugsun og fræðilegum vinnubrögðum.
- Nemandi temji sér gagnrýna hugsun og að nýta sér sálfræðilega þekkingu.

Lýsing fyrir námsvísi

Inngangur að sálfræði. Áfangi þessi er kynning á sálfræði sem fræðigrein, eðli hennar, uppruna, sögu og þróun. Kynntar eru helstu stefnur innan greinarinnar auk helstu fræðimanna. Rædd verða störf sálfræðinga á ýmsum sviðum. Helstu rannsóknaraðferðir eru kynntar og lögð áhersla á tilraunaaðferðina sem og aðrar vísindalegar rannsóknaraðferðir. Fjallað verður ítarlega um tauga- og lífeðlislegar undirstöður atferlis. Kynntar eru rannsóknir á námi og minni, einkum á skilyrðingum, hugrænu námi og minnistækni.

SIÐFRÆÐI HEILBRIGÐISSTÉTTA 102

SIÐ 102

Undanfari: HJÚ 303, 312 og HJV 313

Áfangamarkmið

- Nemandi þekki helstu reglur í mannlegum samskiptum.
- Nemandi skilji ábyrgð meðferðaraðila gagnvart skjólstæðingum sínum og samstarfsmönnum.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjallað er um reglur í mennlegum samskiptum, siðareglur heilbrigðisstétta og rétt sjúklings. Fordóma, skyldu, vald og aga, trúarbrögð, líknardráp og fóstureyðingar.

SJÚKDÓMAFRÆÐI 103

SJÚ 103

Undanfari: HJÚ 103 og HJV 113

Áfangamarkmið

- Nemandi þekki þróun sjúkdómafræðinnar.
- Nemandi þekki eðlilegt jafnvægisástand í líkamanum og hvað gerist við röskun þess.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjallað er um sögulegt ágríp sjúkdómafræðinnar. Farið er í frumulöskun, frumuviðbrögð, sjúkdóma vegna umhverfisáhrifa og erfðasjúkdóma. Æxlisvöxtur, sjúkdómar í þekjukerfi, stoðkerfi og taugakerfi.

SJÚKDÓMAFRÆÐI 202

SJÚ 202

Undanfari: SJÚ 103

Áfangamarkmið

Nemandi þekki eðlilegt jafnvægisástand í líkamanum og hvað gerist við röskun þess.

Lýsing fyrir námsvísi

Innkirtlasjúkdómar. Hjarta- og æðasjúkdómar. Sjúkdómar í öndunarfærum, meltingarfærum, þvag- og kynfærum.

SKYNDIHHJÁLP 101

SKY 101

Undanfari: Enginn

Áfangamarkmið

Nemandi geti veitt markvissa skyndihjálpi.

Lýsing fyrir námsvísi

Bókleg kennsla - verklegar æfingar í almennri skyndihjálpi við slasaða og sjúka.

STÆRÐFRÆÐI 102

STÆ 102

Algebra og hnit I

Undanfari: Grunnskólapróf

Áfangamarkmið

- Að efla reikningslega færni nemenda, auka kunnáttu þeirra í táknrænni túlkun og veita þeim yfirsýn yfir almennar reiknireglur, m.a. þannig að þeir nái tökum á öðrum námsgreinum þar sem stærðfræði er beitt.
- Að þjálfa rökræna hugsun og alhæfingarhæfni nemenda og búa þá þannig undir frekara stærðfræðinámi.

Lýsing fyrir námsvísi

Talnareikningur: meðferð heilla talna og brota.

Bókstafareikningur: liðun, þáttun, stytting. Uppsettar og óuppsettar jöfnur af fyrsta stigi.

Hnitakerfið, jafna og graf beinnar línu. Jöfnuhneppi. Hlutföll, prósentur, vextir.

SÝKLAFRÆÐI 102

SÝK 102

Undanfari: Enginn

Áfangamarkmið

Nemandi þekki sýklafræði eins og hún snýr að heilbrigðisstéttum.

Lýsing fyrir námsvísi

Fjallað er um helstu flokka, tegundir og eiginleika sýkla. Kynntar eru helstu aðferðir við ræktun sýkla, sýklasmit, dauð- og sóttþreinsun eru kynntar. Farið er yfir helstu flokka smitsjúkdóma af völdum sýkla og varnir gegn þeim.

TJÁNING 102

TJÁ 102

Undanfari: Enginn

Áfangamarkmið

Nemandi fái þjálfun í að tala og taki þátt í skoðanaskiptum manna á milli, geti tjáð og varið skoðanir sínar með frjálsegum og eðlilegum hætti frammi fyrir öðrum. Áfanganum er ætlað að auka sjálfstraust nemenda og gera þá hæfari til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.

Lýsing fyrir námsvísi

Lögð er áhersla á framburð, talþjálfun, upplestur og flutning máls. Nokkur undirstöðuatriði í ræðugerð, ræðuflytningur, formlegur og óformlegur eru kynnt. Æfingar eru í kappræðum og ræðumennsku. Umræðuhópar, málfundir, fundarsköp og fundarstjórn. Veitt þjálfun í að stofna til kynna, vikið að einbeitni og sjálfsaga.

TÖLVUFRÆÐI 103 - viðmiðunaráfangi

TÖL 103

Undanfari: Enginn

Áfangamarkmið

Nemandi kynnist almennri notkun tölva.

Lýsing fyrir námsvísi

Tölvukynning: uppbygging tölvunnar og áhrif tölvuvæðingar, þjálfun í notkun hugbúnaðar.